

1.12.2017

Ágætu félagsmenn

Þetta er þá síðasta fréttabréf þess árs og því ágætur tímapunktur að líta yfir farinn veg og skoða það sem vel var gert og annað sem hefði mátt gera betur. Þetta fréttabréf er því yfirferð yfir verkefni ársins og ýmislegt annað. Skorað er á þá sem hafa áhuga á að vinna að málefnum félagsins að láta stjórn vita sem fyrst hyggist þeir bjóða sig til stjórnar. Þá er hægt að koma þeim upplýsingum til félagsmanna. Kosið er skv. lögum félagsins um formann, tvo meðstjórnendur og þrjá í varastjórn á aðalfundi í janúar 2018.

Gleðilega hátíð!

Fyrir hönd stjórnar,

Pétur Ó. Einarsson, formaður

### **Svæðið okkar og innra starf**

Félagsheimilið var málað í sumar. Eins var þakskeggið málað og skipt út fúnum spýtum. Útveggur á austurhlið hússins var orðin gegnfúinn og hann endurnýjaður. Aðgengi fyrir hjólastóla var smíðað og komið fyrir sunnan félagsheimilis á hreinsundardögum.

Hliðið er ekki komið á sinn stað. Keðjan verður að duga eitthvað áfram. Hún gerir sitt gagn en þó aðeins ef hún er sett upp! Eftir á að draga rafmagn og tölvukapla í rör að hliði. Einnig inn í hús. Eftir það ættu hlutirnar að ganga hratt fyrir sig. Þetta hefur verið nokkuð stór framkvæmd, bæði sögun á malbiki og skurður grafin frá félagsheimili að hliði. Einnig þurfti að rífa hluta af palli sunnan félagsheimilis til að koma lögnum fyrir. Tækifærið var notað þegar grafið var fyrir rörunum og eitt þeirra tekið upp á geymslusvæði sunnan félagsheimilis. Búið var að kaupa færanlega rafmagnsstaura í fyrra (fjórir staurar með fjórum tenglum hver). Líkega verða tveir eða fleiri settir þar upp og munu nýtast vel þeim félagsmönnum sem geyma báta sína á þessum stað og hafa til þessa ekki haft aðgang að rafmagni.

Nýr ísskápur var keyptur í félagsheimili þegar sá gamli lagði upp laupanna.

Stjórn hefur verið í samskiptum við yfirvöld vegna ýmissa mála á árinu þ.m.t. vegs að Snarfarasvæðinu sem loksins var lagfærður á þessu ári og einnig út af skipulagsbreytingum á svæðinu okkar (Fleyvangi). Í raun áttu tillögur borgarinnar að liggja fyrir seinni hluta síðasta árs eða byrjun þessa en það hefur dregist. Vonandi verða þær birtar sem fyrst. Þá getur félagið markað sér skýra framtíðarstefnu. Óskir Snarfaramanna snúast um ; Samning til 50 ár, dýpkun innsiglingarrennu í samning, heimild fyrir byggingu félagsheimilis og viðgerðarskemmu, malbikun á svæði, stækkun hafnar og öryggismál á svæðinu.

Þrjár aðilar frá Snarfara sitja í fagráði Samgöngustofu og hafa nokkrir fundir verið á árinu. Fagráðið (þ.e. skemmtibátaeigendur í ráðinu) er að smíða tillögur um úthafssiglingar en ICC skírteinin taka ekki á siglingum á úthafi. Til samanburðar tillögum eru hafðar reglur í

nágrannaríkjum okkar. Svo er að sjá hvernig gengur en Samgöngustofa hefur til þessa verið treg til að létta á reglum kringum skemmtibáta.

Stjórn fjárfesti í nýju bókhaldskerfi á árinu en bókhaldskerfið sem hafði verið notað áður var lánskerfi. Innleiðingin gengur ágætlega en markmiðið er að gera það eins sjálfbært og mögulegt er.

Í könnun sem var gerð í fyrra meðal Snarfarafélaga lýsti yfirgæfandi fjöldi þáttakenda því yfir að þeir vildu sjá verk sem mest unnin í sjálfböðavinnu. Líklega hafa þeir margir þá meint aðra en þá sjálfa. Almennu hefur gengið illa að fá fólk til sjálfböðavinnu og yfirleitt þeir sömu sem leggja félaginu og starfseminni lið. Fyrir hönd annarra félagsmanna vil ég þakka sjálfböðaliðum sérstaklega fyrir sitt framlag á árinu og skiptir engu hvort um sé að ræða stór eða lítil verkefni.

Reynsla af starfsmanni hefur verið góð og hefur sannað gildi sitt að mati stjórnar. Er honum þakkað sin störf á árinu en samningi hans við félagið sem var tímabundinn lauk í okt.

Einn fræðslufundur var haldin á árinu um siglingar á Breiðafirði. Sjómannadeginum var fagnað með hefðbundnu sviði og einnig var haldin jólabjórsmökkunargleði nú í desember. Sjóstangaveiðimót Eyvindar var haldið að venju og er honum sérstaklega þakkað fyrir sitt framtak núna og eins gegnum árin. Tveir félagsfundir voru haldnir annar skv. lögum félagsins og hinn vegna tillögu um kaup á bátalyftu sem var samþykkt. Níu fréttabréf voru send út á árinu og má finna þau öll á heimasíðu félagsins. Fréttir voru svo iðulega settir á heimasíðu og á facebook síðu Snarfarafélaga. Lyklaskipti voru í apríl skv. venju.

Umsóknir í félagið á árinu eru 26 .

### **Bryggjur og ból**

Útstoðir voru settar út á B og C bryggju sem halda þeim frá landi og varna því að þær reki á land. Þannig var með A-bryggjuna áður en stoð var sett á hana í fyrra að hún stóð oft á þurru í grjóti sunnan megin. Gagnsemi stoðanna kom vel í ljós í rokinu í síðasta mánuði þegar festing fór á B-bryggju næst landi. Stoðin sem hafði verið sett upp fáeinum dögum fyrr kom líklega í veg fyrir að fleiri festingar gæfu sig og bryggjuna ræki til vesturs. Búið er að setja bráðabirgða festingar í bryggjuna og í land til að tryggja hana. Kafari var síðan fengin til þess að skoða og meta skemmdir á búnaðnum sem gaf sig.

Plastgrind úr glas fiber efni var sett á landgang á A-bryggju sá sem var þar fyrir var orðinn slitinn og hættulegur. Grindin er "götótt" þannig að vatn og snjór nær ekki festu heldur fellur í sjóinn undir landganginum. Hún er einnig það stöm að óhætt er að ganga á hana í halla án þess að fara á skrið. Lagt til að samskonar grindur verði settar á B og C bryggju á næsta ári.

Hvammsvíkurbryggjan þurfti nokkurrar yfirhalningar við í vor og vaskir menn tóku sig til og löguðu og komu henni síðan út í framhaldi. Hún var svo tekin upp í haust og tryggilega gengið frá henni. Viðeyjarbryggjan var sett út í byrjun sumars.

## Annað

*G*  
**Ég bið þig, sendu nú vagninn þinn að sækja mig.**

*D*  
**Já, herra, sendu nú gullvagninn að sækja mig.**

*G C G*  
**Gættu mín, geymdu mig, gefðu mér friðinn.**

*Em A D G*  
**Langt hef ég farið og mig langar heim.**

Við erum að vona að Hollendingar fari nú að setja gullvagnin okkar í gám þannig að hann komi til okkar fyrir áramót. Ef ekki, þá nær það ekki lengra og skiptir kannski ekki öllu máli þó honum seinki eitthvað aðeins fram á næsta ár. Hann verður amk klár fyrir næsta vor þegar hans er mest þörf. Búið var að gera grein fyrir þeim viðbætum sem við báðum um að yrðu gerðar á vagnunum í fréttabréfi Snarfara í sept. og á heimasíðu félagsins. Viðbæturnar eins og áður var sagt urðu til þess að afhendingu hans seinkar.

Olíubryggjuævintýrið varð okkur nokkuð dýrt en eins og menn muna þá kom að henni leki í lok síðasta árs. Skeljungur vildi ekki gera við hana á sinn kostnað og úr varð að Snarfari lét gera við hana til að halda úti þjónustu við sína félagsmenn. Bryggjan var illa farin og kostnaður við viðgerð umtalsverður. Nú er það þannig að Snarfari á í raun bryggjuna og landganginn. Rekstrarlega séð er það ekki endilega óskastaða og hefur félagið farið fram á að Skeljungur taki amk helming kostnaðar við lagfæringu bryggjunar á sig og í stuttu máli að Snarfari og Skeljungur reki þetta í sameiningu. Við bíðum eftir svari frá Skeljungu. Annað sem vert er að nefna er að tankar Skeljungs á svæðinu eru reknir á undanþágu eitt ár í senn. Við gætum því misst bensínsöluna frá okkur ef ekki fæst undanþáguheimild en dísel sala gæti haldið áfram t.d. með eigin tanki á landi. Ef bensínsalan dettur út þá er vandséð að Skeljungur telji að taki því að halda úti þessari þjónustu. Salan er lítil og að megninu til mest vegna RIB-báta sem eru í hvalaskoðunarþjónustu. Verði bensínsala sett upp í Rvk-höfn eins og staðið hefur til þá er einnig ljóst að hvatning Skeljungsmanna til að halda þessari starfsemi gangandi hjá okkur er takmörkuð.

Keyptir voru flotprammar á árinu og eru þær geymdar á svæðinu. Verðið var mjög gott og ekki hægt að sleppa þessu tækifæri þegar þær buðust til sölu. Þær geta nýst vel í okkar starfsemi t.d. sem bráðabirgðabryggjur t.d. ef eitthvað bilar, sem færanlegir flotprammar, fljótandi vinnubúðir eða hvað annað sem mönnum dettur í hug í sjósportinu.

Settar voru út í Elliðaey ból fyrir báta félagsmanna í sumar og voru þau strax tekin í notkun. Snarfaramenn eru því með þrjú ból á Breiðafirði þ.e. eitt í Flatey og tvö í Elliðaey .

Myndavélakerfið okkar var “hakkað” í haust en fór fljótlega inn aftur. Þeir sem voru með aðganga að myndavélum gegnum síma geta fengið það aftur en Leiðni er það fyrirtæki sem hefur séð um þetta fyrir okkur og er mönnum bent á að tala við þá beint.

Ekki fleira í bili og góðar stundir, Póe